

SHALDOR
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is
Öryggisþjónustur
& kerfi



Gull á CenterHotel Klöpp

20.-22. mars
Skoðið nánar bls. 13



GREITT FYRIR GULLIÐ Á STAÐNUM!



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

19. mars 2012
66. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Fær útrás í tónlistinni

Ásgeir Borkur Ásgeirsson
snýr aftur í tónlistina til að
fækka spjöldunum.

popp 26

Meðal kóngafólks

Dóra S. Bjarnason prófessor
var viðstödd afhendingu
heimsverðlauna UNESCO.

tímamót 14




Gylfi skorar og skorar

Guðjón Þórðarson sá strax
hæfileikana hjá Gylfa
þegar hann kom til Crewe.

sport 20

veðrið í dag



SLYDDA EÐA RIGNING í dag
verða suðvestan 10-18 m/s og
slydduél en hægari og rigning eða
slydda NA-til Hiti 0-5 stig.

VEÐUR 4

Samstaða um aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbanka

Þingmenn allra flokka eru sammála um nauðsyn þess að aðskilja viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um málið segir þingmenn ætla að drífa í breytingunni.

STJÓRNMÁL Full samstaða er um það á Alþingi að aðskilja beri viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Fjórntán þingmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum hafa lagt fram þingsályktunartillögu um málið. Það er einnig einn liður í efnahagstillögum Sjálfstæðisflokksins sem allir þingmenn flokksins mæltu fyrir og er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd.

„Ég held að það séu eiginlega allir sammála um að það eigi að drífa í þessu núna. Spurningin sem stendur eftir er einfaldlega sú hvort þetta eigi að gera með aðgreindum stofnunum eða þá

Ég held að það séu eiginlega allir sammála um að það eigi að drífa í þessu núna.

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR
ÞINGMAÐUR VG

innan fjármálastofnana,“ segir Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, sem er fyrsti flutningsmaður tillögunnar.

Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem skila á tillögum um hvernig standa skuli að málinu. Markmiðið er að lágmarka áhættu

þjóðarþúsins vegna áfalla í rekstri banka en nefndin skal skila tillögum sínum fyrir 1. október næstkomandi.

Í greinargerð sem fylgir tillögunni segir að innlán viðskiptabanka, sem hafa bakabyrgð frá ríkinu, hafi í aðdraganda bankahrunsins verið notuð í glæfrilegar og jafnvel óarðbærar fjárfestingar, meðal annars í fyrirtækjum nátengdum viðkomandi fjármálastofnunum. Vegna þeirrar sérstöku tryggingar sem innlán njóti sé rík ástæða til að aðskilja hefðbundna bankastarfsemi frá áhættusækinni fjárfestingarstarfsemi.

Ragnheiður Elín Árnadóttir,

þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að þingmenn flokksins muni vitaskuld taka vel í málið þegar það komi til kasta þingsins. Þeir hafi hins vegar talið óþarfi að vera meðflutningsmenn að þessari tilteknu tillögu þar sem kveðið sé á um aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi í efnahagstillögum flokksins sem eru eins og áður sagði til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd.

„Okkar vilji til þess að þetta verði skoðað hefur komið fram þar og allir okkar þingmenn eru flutningsmenn að þeim tillögum,“ segir Ragnheiður Elín að lokum.

- mþl



DRAUMADAGUR Aðstæður í Hlíðarfjalli voru eins og best verður á kosið í gær. Hér má sjá unga skíðaðikendur í fjallinu hæstánægða með lífið og tilveruna, enda bæði logn og sólskin auk þess sem brekkurnar voru alhvítar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gott skíðafæri á Akureyri: Draumadagur í Hlíðarfjalli

ÚTIVIST „Þetta var frábær dagur,“ segir Magni Rúnar Magnússon, svæðisstjóri Hlíðarfjalls á Akureyri, um gærdaginn í fjallinu. „Það var sjó til átta stiga frost, logn og sólskin, bara æðislegt vetrarveður.“

Um þúsund manns voru í fjallinu. „Við vorum gríðar-ánægð með þessa helgi. Fólk kom hérna til að sýna sig og sjá aðra.“

Hann segir stórt hlutfall þeirra sem koma í fjallið vera utanbæjar en Akureyringarnir komi þegar sólin fari að skína.

Magni Rúnar segist vona að dagurinn í gær gefi fyrirheit um framhaldið. „Páskarnir eru á góðum tíma núna og það er vonandi að veðrið standi með okkur.“

Lokað var í Bláfjöllum í gær vegna hávaðaroks en hins vegar opið í Skálafelli.

- fb

Besta loðnuvertíð í áráraðir þrátt fyrir verulega óhagstætt veðurfar:

Veitt fyrir 30 milljarða króna

SJÁVARÚTVEGUR Einni bestu loðnuvertíð síðari ára lýkur á næstu dögum. Útflutningsverðmæti þeirra loðnu sem hefur verið veidd nema allt að 30 milljörðum króna, samkvæmt bráðabirgðasamantekt LÍÚ. Gefinn var út kvóti fyrir um 590 þúsund tonn.

„Þetta gekk vonum fram,“ segir Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ. Veðurfar hefur verið sérstaklega slæmt á þessari loðnuvertíð og segir Friðrik

veidarnar hafa farið fram úr björtustu vonum, sér í lagi í ljósi þess. „Þetta er langbesta vertíð sem hefur verið um nokkra hríð. Við erum í sjöunda himni.“

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir engar vísbendingar um svokallaðar „vestangöngur“ loðnustofnsins, þegar loðnan kemur vestur fyrir land og hrygnir, í stað þess að koma norður fyrir. „Það geta komið svo leiðis slettur, en við höfum ekki

orðið varir við neitt í ár,“ segir Jóhann.

Guðmundur Þ. Jónsson, skipstjóri á Vilhelm Þorsteinssyni, segir tíðarfarið hafa verið mjög erfitt, þó að veiðin hafi verið góð.

„Menn segja að þetta hafi verið erfiðasta vertíðin lengi,“ segir Guðmundur. Áhöfnin á Vilhelm hefur fiskað um 42 þúsund tonn af loðnu, en eins og áður sagði er heildarkvótinn um 590 þúsund tonn.

- sv

Mannvinir

Rauða krossins
hjálp börnum í neyð



Hjálpðu núna
raudikrossinn.is

Rauði kross Íslands

20-50% afsláttur Kringlan

Kringlukast
Síðasti dagurinn
Opíð 10-18.30

Nýtt kortatímabil

www.ms.is

Fjörmjólk



Fáðu D-vítamín
úr Fjörmjólk!

Við byggjum allt á þekkingu



Marel er stolt af því að hafa hlotið Þekkingarverðlaun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga 2012

Marel er leiðandi á alþjóðamarkaði í þróun hátæknibúnaðar fyrir matvælaíðnaðinn. Hjá fyrirtækinu starfa um 4.000 manns í meira en 30 löndum.

Í umsögn dómnefndar kemur m.a. fram að „Marel sé sannkallað þekkingarfyrirtæki sem er til fyrirmyndar á flestöllum sviðum. [...] Ólíkur uppruni starfsfólks hefur verið nýttur til að byggja upp áhugaverða menningarlega heild sem heldur utan um gildi og markmið fyrirtækisins. Um leið hefur fyrirtækið skapað sér markaðslega sérstöðu, sterk vörumerki og öflugan þekkingargrunn. Það verður að teljast fátítt að slíkt fyrirtæki hafi jafn sterkar íslenskar rætur og raun ber vitni.“

Marel óskar sínu frábæra starfsfólki til hamingju með þessa viðurkenningu sem varpar ljósi á ástríðu fyrirtækisins fyrir þróunarvinnu og þekkingarsköpun á sérsviði sínu.

GENGIÐ 16.03.2012

Table with columns: GJALDMIÐLAR, KAUP SALA. Rows include Bandaríkjadalur, Sterlingspund, Evra, Dönsk króna, Norsk króna, Sænsk króna, Japanskt jen.

SDR 194,57 195,73
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,468
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Má reka gistihús í fjöleignarhúsi á Laugavegi 105 án samþykkis meðeigenda:

Farfuglaheimili fyrir 250 manns við Hlemm

ÞJÓNUSTA Farfuglaheimili með herbergjum fyrir 250 gesti verður innréttað gegnt Hlemtorgi ef áform eigenda hússins ganga eftir.

Áður hafa verið áform um rekstur gististaðar á Laugavegi 105. Á árinu 2001 reyndu Náttúrugripasafn Íslands og fulltrúar fleiri eigenda í húsfélaginu á Laugavegi 105 að koma í veg fyrir að leyfi fyrir slíkum rekstri á annarri hæð hússins yrðu gefin.

Meðal þeirra raka sem sett voru fram af hálfu Náttúru-

gripasafnsins var að umgangur gesta gistaheimilisins í sameiginlegum stigagangi gæti sett marga af dýrgrípum þjóðarinnar í hættu. Kærunefnd fjöleignarhúsamála sagði eiganda annarrar hæðar hins vegar heimilt að breyta húsnæðinu án samþykkis meðeigendanna.

Náttúrugripasafnið er flutt úr húsinu. Í ljósi þessa segist skipulagsfulltrúi nú ekki gera athugasemdir við að eigandi húsnæðisins láti vinna tillögu um breytinguna sem síðan fari í grendarkynningu.



LAUGAVEGUR 105 Hér gætu allt að 250 manns hallað höfði ef áform eigenda hluta hússins verða að veruleika.



KEBNEKAISE Kebnekaise-fjallið þar sem Hercules-vélin brotlenti.

Flugslysið í Svíþjóð fyrir helgi: Notuðu ekki sjálfstýringu

ÓSLÓ, AP Ástæðan fyrir því að Hercules-flutningavél norska hersins brotlenti í Svíþjóð með fimm manns um borð er líklega sú að flugmennirnir ákváðu að fljúga vélinni sjálfir í lágflugi í stað þess að nota sjálfstýringuna.

Flugvélin hrappaði í Kebnekaise-fjalli í norðurhluta Svíþjóðar á fimmtudaginn og fórust allir um borð. Að sögn Solna sögðust flugmennirnir ætla að fljúga vélinni sjálfir ef veðrið yrði hagstætt.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Rúðubrot í Listasafninu

Rúða var brotin í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu aðfaranótt sunnudags. Einnig var brotist inn í íbúð við Álfhólsveg en ekki er vitað hverju var stolið.

LEIÐRÉTT

Þau mistök urðu við vinnslu fréttar um frumvarp innanríkisráðherra um forvirkar rannsóknaheimildir að birt var mynd af Árna Pétri Jónssyni forstjóra 10/11. Þarna átti að vera mynd af Snorra Magnússyni formanni Landsambands lögreglumanna.



SYRGIR FÖÐUR SINN Sýrlenskur drengur stendur við kistu föður síns sem fórst í sprengjuárás í höfuðborginni Damaskus á laugardaginn.

Fjórarar mannskæðar árásir í Sýrlandi

Hátt í þrjátíu manns fórust í fjórum sprengjuárásum í Sýrlandi um helgina. Sameinuðu þjóðirnar telja að um átta þúsund manns hafi látist í átökum í landinu síðan uppreisn gegn forsetanum Bashar al-Assad hófst fyrir ári.

BEIRÚT, AP Öflug bílsprengja sprakk skammt frá öryggisbyggingu sýrlensku ríkisstjórnarinnar í borginni Aleppo í gær. Yfirvöld í Sýrlandi segja að hryðjuverkamenn hafi stadið á bak við sprenginguna. Bættu þau við að einn lögreglumaður og einn almennur borgari hafi farist í sprengingunni og þrjátíu til viðbótar hafi særst.

Þetta var önnur árásin í landinu á tveimur dögum. Á laugardag fórust 27 manns í þremur sjálfsmorðssprengjuárásum í höfuðborginni Damaskus. Stjórnmöld segja að árásirnar

tengist uppreisninni gegn forsetanum Bashar al-Assad sem hefur stadið yfir í eitt ár. Sýrlenska þjóðarráðið, samtök stjórnarandstæðinga, hafa á móti sakað yfirvöld um að standa á bak við sumar sprengingar til að vekja ótta hjá almenningi og sýna fram á að uppreisnarsinnarnir séu hryðjuverkamenn.

Margar sjálfsmorðsárásir hafa verið gerðar í Aleppo og Damaskus, tveimur stærstu borgum Sýrlands, frá því í desember. Mikill stuðningur er við Assad í báðum borgunum. Enginn hefur enn lýst

ábyrgð á árásunum um helgina á hendur sér.

Sameinuðu þjóðirnar telja að yfir átta þúsund manns hafi látist í átökunum á þessu eina ári.

Bandarísk yfirvöld telja að Íranar séu að aðstoða sýrlensk stjórnvöld með því að sjá þeim fyrir vopnum í baráttunni við stjórnarandstæðinga. Írakar hafa viðræð áhyggjur sínar við sendiherra Írans í Bagdad vegna málsins. Lítið eftirlit er með lofthelginni yfir Írak og því er auðvelt að flytja vopn frá Íran yfir til Sýrlands.

Þjóðarsorg vegna rútuslyss: Fórnarlamba minnst í Belgíu

BRUSSEL, AP Fórnarlamba rútuslyss í Sviss þar sem 28 manns fórust, þar á meðal 22 skólabörn, var minnst í Belgíu á föstudag. Flaggjað var í hálfá stöng, kirkjubjöllur hringdu og lestir og verksmiðjur voru stöðvaðar til að minnast hinna látnu.

Yfirvöld í Sviss rannsaka nú hvort hönnun jarðganganna þar sem slysið varð hafi átt þátt í harmleiknum.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur sent forsætisráðherra Belgíu, Elio Di Rupo, samúðarkveðjur til belgísku þjóðarinnar, fjölskyldna og aðstandenda þeirra sem fórust í rútuslysinu.

Umræður eftir söngvakeppni: Heitt í hamsi vegna hára í handarkrika

SVÍPJOÐ Um 40 femínistar efndu til mótmæla á torgi í Malmö í vikunni sem leið og sýndu á sér loðna handarkrika. Femínistarnir lýstu þannig yfir stuðningi við konu sem hafði verið niðurlægð eftir beina útsendingu frá undankeppni Evrópusöngvakeppninnar í Svíþjóð.

Einn mótmælendanna, Emma Lundberg, setti mynd af loðnum handarkrika sínum á Facebook á dögum, að eigin sögn mest í gríni. Henni var hótáð lífláti auk þess sem hún var kölluð hóra og sökuð um að þrifa sig ekki.

Advertisement for NAUTHÓLL featuring a dining room and text: 'GLÆSILEGUR VEISLUSALUR! Náttúruparadís í hjarta borgarinnar'.

Weather forecast section (VEÐURSPÁ) featuring a map of Iceland with weather icons, a list of cities with temperatures, and a forecast for tomorrow and the day after.



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI 5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir nú 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur út ábyrgðartímabilið. Þú sinnir einungis reglubundnu eftirliti og bíllinn er í ábyrgð til ársins 2017.

5 ÁRA VEGAÐSTOÐ

Til að tryggja ánægju og uppfylla væntingar til gæða bílanna býður Hyundai viðskiptavinum sínum upp á 24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári, fyrir alla þá sem kaupa nýjan Hyundai.

5 ÁRA GÆÐASKOÐUN

Öllum nýjum Hyundai bifreiðum fylgir árleg Gæðaskoðun sem er eigendum að kostnaðarlausu og léttir undir við rekstur bílsins.



Nýr Hyundai i30
kynntur um næstu helgi



KOMDU OG KYNNTU ÞÉR 5 ÁRA ÁBYRGÐINA

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Lítu inn í kaffi og fáðu allar upplýsingar um þau fríðindi sem fylgja Hyundai 5 ára ábyrgðinni.



KJÖRKASSINN



Átt þú iPad eða annars konar spjaldtölvu?

JÁ 17%
NEI 83%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hengir þú þvott út á snúru?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

VÍSIR

Breytingar í Pýskalandi:

Joachim Gauck kjörinn forseti

BERLÍN, AP Joachim Gauck var kjörinn forseti Pýskalands í gær. Hinn 72 ára Gauck fékk mikinn meirihluta atkvæða, eða



JOACHIM GAUCK

991 af þeim 1.232 sem voru greidd á þinginu. Gauck er lýðræðissinni sem barðist á sínum tíma hart gegn kommúnistaríki Austur-Pýskalands. Hann tekur við embætti af Christian Wulff sem sagði af sér í síðasta mánuði vegna spillingarmála. Angela Merkel, kanslari Pýskalands, sagði að Þjóðverjar gætu verið stoltir af nýja forsetanum sem hefði sigrað á sannfærandi hátt.

Ríkisstjórnin samþykkir aukafjárframlög til Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar: Eldgosin kostuðu ríkið 1,3 milljarða króna

STJÓRNSÝSLA Ríkisstjórnin hefur veitt um 1,3 milljarða króna aukalega vegna eldgosa og annarra hamfara síðan í maí árið 2010. Í þeirri fjárhæð er ekki meðalinn margvislegur kostnaður stofnana sem fjármagnaður hefur verið af árlegum fjárheimildum þeirra.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum á föstudag viðbót-áruktgjöld til Vegagerðarinnar, Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og Landgræðslunnar vegna eldgosahrinunnar árin 2010 og 2011. Vegagerðin fær

82,5 milljóna króna aukafjárframlag, en kostnaður hennar vegna hamfaranna er talinn vera um 110 milljónir króna, þar af 20 milljónir vegna aðgerða við Svaðbælisá. Einnig var samþykkt að veita sex milljónir króna aukalega til almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra.

Landgræðslan hefur greint frá aukinni fjárbörf á árinu 2012, en lagt er til að því máli sé vísað í fjárlagaferli og til nánara mats hjá umhverfisráðuneytinu. Landgræðslan fékk 17,25 milljónir í fjárlögum í desember og tók

á sig tæplega 6 milljónir í aukakostnað vegna verkefna síðasta sumar.

Samráðshópur ráðuneytisstjóra sjó ráðuneyta um viðbrögð við náttúruhamförum hefur verið að störfum frá fyrri hluta árs 2010. Með hópnum starfa fulltrúar frá forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra.

GOSIÐ Í EYJAFJALLAJÖKLI Landgræðslan er ein þeirra stofnana sem hafa óskað eftir aukafjárframlagi vegna eldgosanna undanfarnin ár.



VIÐSKIPTI

Ensímtækni gerir samning

Einn stærsti snyrtivöruframleiðandi heims, Interco, hefur samið við Ensímtækni um að nota tækni- og efnabækkingu fyrirtækisins í snyrtivörur sínar. Ensímtækni, eða Zymetec eins og það kallast á ensku, var stofnuð af Jóni Braga Bjarnasyni prófessor og sérhæfir sig í rannsóknnum á ensímum unnum úr sjávarlífverum. Ein helsta vara fyrirtækisins er Penzim húðáburður sem þykir hafa læknaði áhrif.

PÝSKALAND

Knúts minnst

Ár er liðið síðan ísbjörninn Knútur drapst í dýragarðinum í Berlín. Knútur sem náði fjögurra ára aldri óðlaðist heimsfrægd og lögðu 11 milljónir manna leið sína í dýragarðinn til að sjá hann meðan hann lifði. Mikill fjöldi fólks minntist Knúts í dýragarðinum í gær og margir skildu eftir blóm og myndir við ísbjarnargryfjuna. Nokkrir gestanna munu hafa fellt tár.

Segir golfklúbba ekki skilja tækifæri í hóteli

Forsvarsmaður félags sem hyggst reisa hótél við umdeildan golfvöll í Grímsnesi segir andstöðu golfklúbba á svæðinu byggða á misskilningi. Þeir muni, eins og sveitarfélagið allt, líka njóta góðs af ríkum útlendingum sem heimsæki svæðið.

VIÐSKIPTI „Ég tel að það sé ákveðinn misskilningur í gangi hjá golfklúbbunum sem eru að kæra og að með nýju hóteli fylgi verulegt tækifæri fyrir golfklúbbana sem fyrir eru á svæðinu,“ segir Hallur Magnússon, hjá félaginu Sextú plus ehf., sem áformar að reisa hundrað herbergja hótél við fyrirhugaðan golfvöll á Minni-Borg í Grímsnesi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær kærðu golfklúbbarnir í Kíðjobergi og Öndverðarnesi Grímsness- og Grafningshrepp til innanríkisráðuneytisins vegna ákvörðunar sveitarfélagsins um að byggja golfvöllinn á Minni-Borg. Sveitarfélagið keypti landið eftir að félag sem var að byggja völlinn fór á hausinn í miðjum klíðum.

Jafnframt hefur Grímsness- og Grafningshreppur skrifað undir viljayfirlýsingu við Sextú plus um að félagið fái lóð undir hótél við golfvöllinn. Stefna sveitarfélagsins er síðan sögð sú að selja eða leigja völlinn sjálfan en ekkert liggur enn fyrir um þann þátt. Formaður Golfklúbbs Kíðjobergs segir ljóst að sveitarfélagið komi að rekstrinum um ókomna tíð.

Hallur segir það „stórkostlegt tækifæri“ að geta byggt áttatíu herbergja hótél við nýjan golfvöll sem uppfylli svokallaða PGA staðla. Hótelið muni einnig styðja vel við rekstur golfvallanna að Kíðjobergi og Öndverðarnesi.

„Að sjálfsögðu verður markaðssetning hótelsins meðal erlendra golfáhugamanna ekki bundin við nýja golfvöllinn, heldur áhersla lögð á svæðið sem golfparadís þar sem tækifæri er til að leika á þremur mismunandi golfvöllum í seilingarfjarlægð við hótelið,“ segir Hallur.



GOLFHÓTEL Á MINNI-BORG Forsvarsmáður segir hótél og nýjan golfvöll munu styrkja tekjur íbúa í Grímsnesi og einnig beina viðskiptum á þá stóru golfvelli sem fyrir eru í nágrenninu.



Að sjálfsögðu verður markaðssetning hótelsins meðal erlendra golfáhugamanna ekki bundin við nýja golfvöllinn, heldur áhersla lögð á svæðið sem golfparadís.

HALLUR MAGNÚSSON
FÉLAGI Í SEXTÍU PLUS



Að sögn Halls munu þrjú golfvellir ásamt nálægðinni við náttúru- og söguerlu Suðurlands gera glæsilegt hótél að Minni-Borg að spennandi valkosti fyrir efnaða, erlenda golfáhugamenn.

„Þótt það ríki nú ákveðin tortryggni meðal golfklúbba sem fyrir eru á svæðinu þá vonumst við sem að hótelinu koma eftir góðri samvinnu um heildstæða markaðssetningu á golfparadísinni í Grímsnesi þar sem allir golfvöllirnir muni njóta góðs

af auk þess sem uppbyggingin mun styrkja verulega atvinnu og tekjur íbúa í sveitarfélaginu,“ segir Hallur.

Þess má geta að Hallur og fjárfestar með honum undirbúa nú einnig byggingu hótels steinsnar frá golfvöllum í Vestmannaeyjum. Þar liggur fyrir viljayfirlýsing við Vestmannaeyjabæ. „Fjárfestar og rekstraraðilar eru afar áhugasamir um þessi tvö spennandi verkefni,“ segir Hallur Magnússon.

gar@frettabladid.is

Heyrnartæki með fjögurra ára ábyrgð



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

ÓKEYPIS
HEYRNAR-
MÆLING!

Okkar hlutverk er að dreifa

fjölþósti,
blöðum,
tímaritum,
bréfum og
vörum.

Póstdreifing - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is

Póst dreifing



Norska öryggislögreglan greinir frá lista yfir kaupendur efnis til sprengjugaðar:

Margir með afbrot að baki

NOREGUR Margir þeirra sem keyptu efni til sprengjugaðar frá sömu efnaverksmiðjunni í Póllandi og Anders Behring Breivik hafa komið við sögu lögreglu, að því er greint er frá á vef Dagsavisen.

Eftir að norska öryggislögreglan hafði farið yfir lista sem á var 41 einstaklingur, þar á meðal Breivik, kom í ljós að þriðjungur þeirra sem voru á listanum hafði hlotið refsingu og að þriðjungur átti lögleg vopn.

Þrjú á listanum höfðu áður sýnt áhuga á efnum til sprengjugaðar. Þetta kemur fram í skýrslu öryggislögreglunnar í Noregi sem kynnt var í gær. Listann fékk norska öryggislögreglan hjá töllyfirvöldum en þau höfðu skráð hverjir keyptu efni sem hægt væri að nota til þess að búa til sprengjur.

Í skýrslu öryggislögreglunnar segir að áhugi á vopnum sé sameiginlegur með þeim sem eru á listanum. Margir hafi verið dæmdir fyrir lögbrot eða hafi verið þátttakendur í athæfi á gráu svæði.

Í skýrslunni segir jafnframt að vegna þess hversu langt þetta sé frá því sem eðlilegt geti talist kunni að



HEIMILI BREIVIKS Á heimili Anders Behring Breivik fannst mikið magn efnis sem hægt var að nota til sprengjugaðar.

NORDICPHOTOS/APP

vera ástæða til að skoða þá sem eru á listanum.

Áður en Breivik framdi voðaverkin þann 22. júlí síðastliðinn taldi öryggislögreglan ekki ástæðu til að grípa til ráðstafana.

- ibs

MYNDARLEGAR HAMINGJUÓSKIR FRÁ **Canon**



Brandenburg

Nýherji, umboðsaðili Canon á Íslandi, óskar verðlaunahöfunum **Daníel Rúnarssyni, Eypóri Árnasyni, Kjartani Þorbjörnssyni (Golli), Kristni Magnússyni og Raket Ósk Sigurðardóttur** innilega til hamingju með glæsilegar verðlaunamyndir í keppni Blaðaljósmyndarafélags Íslands; „Myndir ársins 2011“.

Eins og svo margir aðrir treysta þau á **Canon EOS ljósmyndabúnað**, sem er í uppáhaldi hjá ljósmyndurum um allan heim. Nýherji hvetur allt áhugafólk um ljósmyndun til að skoða glæsilega ljósmyndasýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands í Gerðarsafni.

Nýherji hf. | Sími 569 7700 | www.netverslun.is


NÝHERJI

BETRI LAUSNIR

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvaða íslenski rithöfundur hlýtur norræn bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar þetta árið?
- 2 Hvað heitir höfundur bókarinnar Hungurleikarnir?
- 3 Hver er forseti Síýrlands?

SVÖR

1. Einar Már Guðmundsson, 2. Suzanne Collins, 3. Bashar al-Assad.



FÆRRI BÖRN Leita verður allt aftur til ársins 1988 til að finna færri börn fædd á ári í Danmörku en árið 2011.

NORDICPHOTO

Dvínandi frjósemi Dana:

Fæstu fæðingar frá árinu 1988

DANMÖRK Færri börn fæddust í Danmörku í fyrra en nokkru sinni frá árinu 1988, tæplega 59 þúsund. Þetta kemur fram í nýjustu tölum hagstofunnar þar í landi, en þar segir einnig að fæðingartíðni, hlutfall fæðinga gegn fjölda kvenna, hafi verið 1,76 í fyrra sem er lækkun milli ára.

Þessar fregnir eru í mótsögn við tölur frá OECD sem gefnar voru út fyrir tæpu ári, en þar kom í ljós að fæðingartíðni hafði hvergi hækkad meira á Vesturlöndum en einmitt í Danmörku síðustu ár. Þessar nýju tölur eru taldar gefa til kynna að viðsnúningur sé að verða í þeirri þróun.

- þj

LÖGREGLUFRETTIR

Skemmdi bíl

Ölvaður maður var handtekinn á Vegamótastíg aðfaranótt sunnudags, grunaður um að hafa skemmt bíl. Hann var færður í fangageymslu lögreglunnar.

8

Litla ávöxtun að hafa sé sparnaður ekki bundinn

Pegar sparifjäreigendur meta á hvers konar innlánsreikningum skynsamlegast er að geyma sparnað þurfa þeir fyrst að ákveða hvað binda má sparnaðinn lengi. Litla raunávöxtun er að fá á óbundnum reikningum.

FRÉTTASKÝRING

Til hvers ber að líta þegar sparnaði er fundinn geymsla?

Litla ávöxtun sparifjár er að hafa á óbundnum innlánsreikningum íslensku viðskiptabankanna fjögurra. Talsvert meiri ávöxtun er að fá á bundnum reikningum, svo sem á verðtryggðum reikningum eða þá reikningum sem bera fasta vexti.

„Spurning númer eitt, tvö og þrjú er alltaf hvort og þá til hve langs tíma fólk er tilbúið að binda sparnaðinn sinn. Spurningin sem kemur þar á eftir er svo hvort það vill hafa hann verðtryggðan eða óverðtryggðan,“ segir Kristín María Magnúsdóttir sem er ráðgjafi einstaklinga hjá Íslandsbanka.

Kristín María segir að vilji fólk fá ágætis raunávöxtun verði það eiginlega að velja bundna reikninga. Þá segir hún að bundnir verðtryggðir reikningar hafi komið hvað best út síðustu misseri. Slíkir reikningar séu hins vegar í flestum tilvikum bundnir til að minnsta kosti 36 mánaða.

Með því að velja verðtryggða reikninga verja sparifjäreigendur sig fyrir því að verðbólga rýri ávöxtun sparnaðarinnar. Þriggja ára binding er hins vegar nokkuð langur tími og ekki víst að skynsamlegt sé fyrir alla að festa sparnaðinn sinn svo lengi þar sem margt getur komið upp á í millitíðinni.

„Fyrst þarf sá sem hyggst spara að ákveða hvenær hann vill nota peningana og í kjölfarið meta hvað er hægt að binda sparnaðinn lengi. Og það verður að hafa í huga að þetta er í flestum tilvikum alveg fast og engin úrræði til staðar til að losa sparnaðinn,“ segir Kristín María og bætir við að því geti verið skynsamlegt að geyma hluta sparnaðar síns utan bundinna reikninga til að geta notað komi eitthvað óvænt upp.

Ágætis raunávöxtun er einnig að fá með því að velja svokallaða fastvaxtareikninga sem eru bundnir til að minnsta kosti tólf mánaða. Á slíkum reikningum breytast vextirnir ekkert á bindi-



BANKI Til margs ber að líta þegar tekin er ákvörðun um það á hvers konar banka-reikningi er skynsamlegast að geyma sparnaðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sparnaðarleiðir á innlánsreikningum – sparað í 3 ár

A) „Laus“ reikningur - óverðtryggðir vextir					
Dagsetning	Höfuðstóll	Vextir	Niðurstaða í lok árs	Á föstu verðlagi	
1.1.2012	1.000.000	25.000	1.025.000	999.296	
1.1.2013	1.025.000	25.625	1.050.625	989.365	
1.1.2014	1.050.625	26.266	1.076.891	991.300	
B) Bundinn reikningur - óverðtryggðir vextir					
Dagsetning	Höfuðstóll	Vextir	Niðurstaða í lok árs	Á föstu verðlagi	
1.1.2012	1.000.000	38.000	1.038.000	1.003.868	
1.1.2013	1.038.000	39.444	1.077.444	1.014.621	
1.1.2014	1.077.444	40.943	1.118.387	1.029.498	
C) Bundinn reikningur - verðtryggðir vextir					
Dagsetning	Höfuðstóll	Vextir	Verðbætur	Í lok árs	Á föstu verðlagi
1.1.2012	1.000.000	19.125	34.000	1.053.125	1.018.496
1.1.2013	1.053.125	20.141	28.434	1.101.700	1.037.463
1.1.2014	1.101.700	21.070	25.339	1.148.110	1.056.858
D) Bundinn reikningur - fastir vextir					
Dagsetning	Höfuðstóll	Vextir	Niðurstaða í lok árs	Á föstu verðlagi	
1.1.2012	1.000.000	42.400	1.042.400	1.008.124	
1.1.2013	1.042.400	44.198	1.086.598	1.023.241	
1.1.2014	1.086.598	46.072	1.132.670	1.042.645	
Raunávöxtun: A) -0,87% B) 2,95% C) 5,69% D) 4,26%					
Raunávöxtun á ári: A) -0,29% B) 0,95% C) 1,86% D) 1,40%					

tímanum. Fari verðbólga hækkandi á binditímanum getur raunávöxtun því lækkad talsvert.

Kristín María segir að sparifjäreigendur þurfi því að velja fyrir sér hvernig þeir telji líklegast að verðbólgan þróist á sparn-

adartímabilinu. „Sérstaklega þeir sem vilja spara á fastvaxtareikningum þurfa að gera upp við sig hvort þeir hafa trú á því að vextir muni fara lækkandi eða hækkandi,“ segir Kristín María.

Loks mælir Kristín með því

Um dæmi í töflu*

■ Í þessu einfalda dæmi er gert ráð fyrir að einstaklingur hafi um síðustu áramót komið einni milljón króna fyrir á innlánsreikningi með það fyrir augum að spara upphæðina í þrjú ár.

■ Honum stóðu þá til boða fjórar ólíkar tegundir innlánsreikninga sem byggja á innlánsreikningum Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankans og MP banka. Hér er miðað við meðalvexti á sambærilegum reikningum en smáatriði þeirra eru í sumum tilfellum ólík.

■ Reikningstegundirnar fjórar eru óbundnir reikningar með óverðtryggða vexti, bundinn reikningur með óverðtryggða vexti, bundnir reikningar með verðtryggða vexti og bundnir fastvaxtareikningar.

■ Meðalvextir á „óbundnum“ reikningum eru 2,50% en þeir eru hjá bönkunum annaðhvort óbundnir eða bundnir til 7 eða 10 daga. Meðalvextir á bundnum reikningum með óverðtryggða vexti eru 3,80% en hér er miðað við reikninga sem eru ýmist bundnir til 18 eða 24 mánaða. Meðalvextir á verðtryggðum reikningum eru 1,91% en hér er miðað við 36 mánaða bindingu. Þá eru meðalvextir á fastvaxtareikningum 4,24% og er þá miðað við 12 mánaða bindingu.

* Dæmið er blaðamanns. Þá ber að hafa í huga að vextir á innlánsreikningum (öðrum en fastvaxtareikningum) eru líklegir til að breytast eitthvað á þriggja ára tímabili. Þá er hér gert ráð fyrir að þriggja ára verðbólguþá Seðlabankans standist þegar raunávöxtun er reiknuð. Slíkar spár standast hins vegar sjaldnast alfarið.

magnusi@frettabladid.is

www.volkswagen.is



Caddy* kostar aðeins frá
2.990.000 kr.
(kr. 2.382.470 án vsk)

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskjöttur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.



Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Brauðið sem
öll fjölskyldan
elskar!



Í 10–11 finnurðu
frábært vöruúrval.
Þú færð nýtt og ferskt
Heimilisbrauð frá Myllunni
í næstu 10–11 verslun.

1011

...alltaf opið!

Gerðu samkomulag um lóðir fyrir uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut:

Ríkið fær aukið byggingarmagn

SKIPULAGSMÁL Samkomulag um lóðir og skipulagsmál vegna framtíðaruppbyggingu Landspítalans og Háskóla Íslands norðan Hringbrautar var undirritað á föstudag.

„Samningar ríkisins og Reykjavíkurborgar um lóðamál LSH og byggingarrétt fyrir spítalann og HÍ teygja sig allt aftur til ársins 1969. Þeim var síðast breytt árið 2006,“ segir í tilkynningu.

Fram kemur að fulltrúar framkvæmda- og eignasviðs og skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar hafi unnið að endurskoðun samninga borgarinnar og ríkisins



LANDSPÍTALASVÆÐIÐ Borgin endurheimtir byggingarrétt á U-reit og C-reit og ríkið má byggja meira á A- og B-reit með það að markmiði að endurheimta byggingarrétt á svokölluðum C- og U-reitum. Að auki hafi áhersla

verið lögð á að borgin fái í sinn hlut byggingarrétt að „randbyggð“ við Hringbraut, neðan sjúkrahússlóðarinnar. Um sé að ræða verðmætt byggingarland í hjarta Reykjavíkur.

Ríkið fær aukið byggingarmagn á A og B-reit samkvæmt samkomulaginu sem háð er endanlegu samþykki og gildistöku deiliskipulags á svæðinu. Það voru þau Jón Gnarr borgarstjóri, Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra, og Guðbjartur Hannesson velferðaráðherra undirritaðu samkomulagið.

- gar

Maður um tvítugt dæmdur:

Braut glas á höfði og kýldi

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um tvítugt var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Maðurinn játaði að hafa slegið annan mann með björglasi þannig að það brotnaði og slegið hann svo nokkrum höggum með krepptum hnefa í maga á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur í maí árið 2010.

Hann var jafnframt dæmdur til að greiða fórnarlambinu 250 þúsund krónur í miskabætur.



KARL Í TEBODI Karl Bretaprins heim-sótti sýninguna Ideal Home Show í London á dögunum og drakk te með öðrum gestum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MOTTU MARS
Gegn klabbeni í kórum

„Að hjóla er eins og kynlíf. Maður gleymir því aldrei. Svo eru hjóltreidar líka fin hreyfing.“

Safnaðu mottu og áheitum á www.mottumars.is

Arion banki | Vodafone | WOW



STRÓKARNIR Á HEIÐINNI Unnið er að leiðum til að draga úr útblæstri brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum. Nokkur andstaða er í Reykjavík við frekari virkjanaframkvæmdir á Hellisheiði.

MYND/UMHVERFISSTOFNUN

Þriðjungur er andvígur meiri virkjun

Í könnun 13 náttúruverndarsamtaka eru 31 prósent aðspurðra á móti frekari virkjun á Hellisheiði. Um 30 prósent vilja virkja meira. Prófessor segir ekki koma á óvart að fólk hafi sterkar skoðanir á málinu.

IDNADUR Afstaða fólks til aukinna virkjanaframkvæmda á Hellisheiði er önnur en til almennrar nýtingar jarðvarma. Þetta kemur í ljós þegar bornar eru saman tvær nýlegar kannanir.

Í nýrri könnuninni, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í liðinni viku kemur fram að tæp 84 prósent spurða líta nýtingu jarðvarma jákvæðum augum og nær nú af hverjum tíu telja mikil tækifæri tengd starfsemi sem tengist nýtingu jarðvarma.

Í áður óbirtri könnun sem þrettán náttúruverndarsamtök létu gera í október og nóvember í fyrra, í tengslum við vinnu við umsögn við rammaáætlun stjórnvalda um virkjanakosti, kemur hins vegar fram að 31,4 prósent aðspurðra voru mótfallin byggingu fleiri jarðvarmavirkjana á Hellisheiði. 30,2 prósent voru hlynnt frekari virkjanaframkvæmdum og 38,4 prósent létu málið sig engu varða. Könnunin var gerð dagana 26. október til 2. nóvember. 1.350 voru spurðir og 857 svöruðu.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, segir að fram hafi komið að andstaðan hafi verið mjög mikil í Reykjavík. Þá undrast hann orð Ólafs G. Flóvenz, forstjóra ÍSOR, um hættuleysi útblásturs brennisteinsvetnis. „Þetta er verið að rannsaka,“ segir Guðmundur og kveður skorta þekkingu á langtímaáhrifum brennisteinsvetnis.

Stefán Arnórsson, prófessor við jarðfræðideild Háskóla Íslands, segir ekki koma á óvart þótt sterkar skoðanir komi fram í könnunum um nýtingu jarðvarma.

„Líklega hefur þjóðin í heild sinni ekki verið meira meðvit-uð um nokkra auðlind en fiskinn í sjónum og jarðhita. Það segir sig sjálf,“ segir hann og vísar til þeirrar byltingar sem orðið hafi með hitaveitunni. Slík nýting orkunnar sé hins vegar af öðrum meidi en raforkuframleiðsla með jarðvarma, þar sé um svokallaða stórnýtingu að ræða.

“Hluti umhverfissinna er ekki bara á móti stórru nýtingu sem slíkri, heldur á móti stórru nýtingu til erlendra kaupenda.

STEFÁN ARNÓRSSON
PRÓFESSOR VIÐ HÍ

„Hellisheiðin er stórnýting og þá getur verið allt annað uppi á teningnum,“ segir hann. Ekki sé þó alltaf einfalt að greina ástæður andstöðu við stórnýtingu jarðvarmasvæða. „Hluti umhverfissinna er ekki bara á móti stórru nýtingu sem slíkri, heldur á móti stórru nýtingu til erlendra kaupenda.“

Stefán segir fullyrðingar sem stjórnmalámennt vilji gjarnan ýta undir um að jarðvarmi sé endurnýtanleg auðlind ekki standast og í raun sé rennt blint í sjóinn með stærð sumra svæða sem til standi að nýta, svo sem á Hellisheiði.

„Í þessu togast á þrennt, pólitík, hagsmunir og fagmennska,“ segir hann og kveður allt faglegt mat segja að auðlindin sé ekki endurnýjanleg.

olik@frettabladid.is



Skapaðu góðar minningar með teppi frá Danfloor

Öll teppin sem við bjóðum eru afráfmögnuð, ofnæmisprófuð og með óhreinindavörn.



Parket & gólf - Sérfræðingar í gólfefnum!


Ármúla 32 • 108 Reykjavík • Sími 568 1888 • parketogolf.is • Þú finnur okkur líka á Facebook

PARKET & GÓLF



SJÓNVARPSSTÖÐIN ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

Varahlutir í bíla




Framúrskarandi
fyrirtæki 2011

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnarformaður Össurar gagnrýnir stjórnvöld:

Útlent svartagallsraus

Fyrir rétt rúmu ári gagnrýndi Niels Jacobsen, hinn danski stjórnarformaður Össurar hf., stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum atvinnulífsins harðlega í viðtali hér í blaðinu. Jacobsen talaði þá um hringlandahátt og flumbrugang í lagasetningu, gjaldeyrishöft og fleira sem gerði erfitt að reka fyrirtæki á Íslandi.

Sama dag og viðtalið birtist ákvæð aðalfundur Össurar 2011 að afskrá fyrirtækið úr Kauphöll Íslands. „Við getum ekki verið skráð á hlutabréfamarkað sem notar gjaldmiðil sem er ekki nothæfur,“ sagði Jacobsen þá. Kauphöllin ákvæð síðar einhliða að að skrá bréf félagsins að nýju, í óþökk stjórnenda Össurar.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Á aðalfundi Össurar síðastliðinn föstudag endurtók Jacobsen gagnrýni sína og bætti heldur í; sagði rekstrar- og lagaumhverfi fyrirtækja hafa hrakað undanfarin ár. Fljótfærnisleg, tíð og ófagleg lagasetning og vilji til að búa til séríslenskar lausnir, sem ekki hefðu verið reyndar annars staðar, græfu undan þeim fyrirsjáanleika sem væri nauðsynlegur í alþjóðlegum viðskiptum.

„Við þurfum að sætta okkur við þvingaða skráningu á hlutabréfamarkað hér, minnkandi seljanleika og tvöfalt hlutabréfaverð. Við þurfum að þreifa okkur áfram í umhverfi alls kyns óvenjulegra reglugerða sem keppinautar okkar þurfa ekki að taka tillit til,“ sagði Jacobsen í ræðu sinni.

Jacobsen er út af fyrir sig ekki að segja neitt sem forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja og samtaka þeirra hafa ekki marg sagt. En kannski verður frekar hlustað á hann en talsmenn íslensks atvinnulífs. Málflutning þeirra, sem verið hefur á sama veg, hefur forsætisráðherrann kallað „svartagallsraus“ og gefið í skyn að fólk sem á og rekur fyrirtækin átti sig bara alls ekki á því hvað það sé frábært að reka fyrirtæki á Íslandi og gangi í rauninni ljómandi vel.

Jacobsen hefur hins vegar samanburðinn. Hann er alþjóðlegur fjárfestir sem hefur reynslu af rekstri á Íslandi.

Hann þekkir líka vel til í dönsku og evrópsku atvinnulífi (sem sumir telja búa við þungt og viðamikil regluverk). Hann dregur þá ályktun að rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi sé verra en á meginlandinu og fari versnandi. Ef ríkisstjórnin meinar það sem hún segir um að hún vilji auka erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu, að ekki sé talað um að bæta skilyrði þeirra fyrirtækja sem fyrir eru, hlýtur hún að hlusta.

Suma ágalla Íslands eins og smæðina og fjarlægð frá öðrum mörkuðum getum við ekki lagað. Við þurfum hins vegar að vega þá upp með því að fyrirtæki búi við betra rekstrarumhverfi hér en í nágrannaríkjunum eða að minnsta kosti sambærilegt. Gjaldmiðillinn sitjum við uppi með í einhver ár enn, en þurfum trúverðuga stefnu um hvernig við ætlum að skipta honum út.

Stjórnvöld þurfa að hafa stefnu sem mark er tekið á í þessum efnun, eigi að takast að laða hingað erlenda fjárfesta og halda í þá fáu sem fyrir eru. Gagnrýni þeirra er ekki hægt að afgreiða sem svartagallsraus.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

-15 kr.
af lítranum í 10. hvert skipti sem þú dælir 25 lítrum eða meira með ÓB-lyklinum!

Sæktu um ÓB-lykil núna á ob.is.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Snjóhengjur og uppskurðir

Líkingamál er vinsælt í umræðunni um gjaldmiðilmál. Krónan er ýmist kölluð korktappi í hafi fjármálamarkaða eða hitamælir á hita hagkerfisins. Gjalddeyrishöftin eru sögð vera stífla sem hamlar því að flóðbylgja fjármagns streymi úr landinu. Þá hefur enn ekki verið minnst á snjóhengjuna sem er það nafn sem gefið hefur verið stabba aflandskróna sem vilja yfirgefa hagkerfið. Jóhanna Sigurðardóttir kom með nýja líkingu í grein sem hún birti í Fréttablaðinu á laugardag: „Gjalddeyrishöft eru eins og lyfjameðferð við erfiðum sjúkdómseinken-

um. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er raunveruleg lækning fólgin í róttækum uppskurði.“

Kristján Þór varaformaður

Á flokksráðsfundi Sjálfstæðisflokksins á laugardag var kosið í hið nýja embætti annars varaformanns flokksins. Í embættið var valinn Kristján Þór Júlíusson þingmaður sem hlaut um 45 prósent atkvæða í fyrri umferð og 57 prósent í þeirri seinni. Næstur kom Geir Jón Þórisson, fyrrum yfirlögregluþjónn, sem fékk fyrst 23 prósent og svo um 40 prósent.



Þingmannsefni?

Fékk Geir Jón fleiri atkvæði en þau Jens Garðar Helgason, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar, og Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, og getur því væntanlega vel við unað enda að stíga sín fyrstu skref í pólitík. Forvitnilegt verður að sjá hvort Geir Jón býður sig fram í prófkjöri flokksins fyrir þingkosningarnar á næsta ári en niðurstaða varaformannskjörsins bendir til þess að hann gæti náð ágætum árangri láti hann slag standa.

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



Þráhyggja sjálfstæðismanna

Skattamál



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra

Matthías Bjarnason, fyrrum ráðherra Sjálfstæðisflokksins, ritar öðru sinni grein í Fréttablaðið síðastliðinn föstudag þar sem hann sakar ríkisstjórn mína um að „skattþína börn“ með því að leggja fjármagnstekjuskatt á sparnað þeirra. Í fyrri grein sinni býsnaðist hann yfir þessu en studdi mál sitt lítt með gögnum. Í síðari greininni birtir hann yfirlit yfir þrjár innstæður, reiknaða vexti og skatt á upphæðirnar. Hvergi kemur fram hvaða ár skattur var lagður á innstæðurnar. Ekki heldur eru verðbætur á innstæðurnar tilgreindar, en Matthías fullyrðir að ríkið „hirdi“ stóran hluta þeirra.

En sjálf sagt er að trefka það sem ég nefndi í svargrein minni 1. mars síðastliðinn. Í fyrsta lagi innleiddi núverandi ríkisstjórn frítekjumark þegar skattur á fjármagnstekjur var hækkaður í 20 prósent. Frítekjumarkið nemur 100 þúsund krónum fyrir hvern einstakling. Ekki verður ráðið af tölum Matthíasar hvort þær séu frá því fyrir eða eftir að frítekjumarkið var innleitt.

Í öðru lagi voru greiddur fjármagnstekjuskatts um 180 þúsund árin 2009 og 2010. Aðeins um 47 þúsund einstaklingar greiddu fjármagnstekjuskatt 2011 og hafði þeim fækkað um 136 þúsund. Vonandi

getur Matthías glaðst með einhverjum úr þeim stóra hópi. Þessi umbreyting verður vart skýrð án frítekjumarksins en með þeim er öllum minniháttar sparnaði hlíft við skatti, þar á meðal sparnaði barna.

Það er orðhengilsháttur að fólk taki við þessar aðstæður út sparnað sinn og geymi hann undir koddanum vegna skattaþjónar. Sparnaður barna líkt og annarra hefur minnkað eftir bankahrunið. Frítekjumarkið, helmings lækkun vaxtatekna barna og fullorðinna og loks stórfelld fækkun greidda fjármagnstekjuskatts bendir til þess að fleiri séu með öllu lausir við fjármagnstekjuskatt og hann leggist því fremur á efnafólk eins og nú háttar til.

Matthías segir mig illa þokkaða vegna skattþingningar. Ekki elti ég ólar við slíkar fullyrðingar en bendi honum á að opinber gögn sýna að minna er nú innheimt af þjóðarkökunni í ríkissjóð en árin fyrir bankahrun. Jafnframt greiða nú 60 prósent einstaklinga lægri tekjuskatta en þeir gerðu á valdatíma Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Góðærið, sem þeir gumuðu þá af, reyndist einn mesti blekkingarvefur sem sögur fara af eins og Matthías veit eins vel og við hin.

Lárviðarskáldið Einar Már

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Flestir á mínu reki muna fyrst eftir Einari Má í svörtum leðurjakka á pönkárnum að selja ljóðin sín: Sendisveinninn er einmana og Er nokkur í kórónafötum hér inni? Flestir keyptu bókina, þetta voru auðskilin ljóð, það var einhver prósi í þeim, rétt eins og það er alltaf eitthvert ljóð í prósa Einars. Þrátt fyrir leðurjakkann og ytra pönkfas var hann hláturmildur og drengjalegur – hér var ekki þungbúið skáld, alls ekki hógvært og fráleitt innhverft skáld – þetta var rokk-skáld.

Það var Pétur Gunnarsson sem innleiddi hið bítallega í íslenskar bókmenntir. Fram að Punktinum hans var gjörvöll menning ungs fólks utan landamæra þess sem mátti skrifa um nema með hnussi. Með Pétri kom einlægni og sakleysi hinna gömlu bítalaga áður en allt lenti þar út í í tómmum hedónisma og skilvita – meðvitadri – brenglun. Allt í einu mátti segja fimmaurabrandara í skáldskap og lýsa kelerí og poppkornsáti án þess að hnussa, bioferðum, strætó, borginni ungu ... Pétur Gunnarsson braut niður Berlínarmúrinn sem hafði varið íslenskar bókmenntir fyrir erlendri lágmenningu.

Upp úr miðri síðustu öld var Reykjavík allt í einu orðin ung. Hún var áform. Hún var stillansar og steypa, moldarbingir og

drullusvað, endalaus úthverfi og enn ekki komin nein innhverfi. Það ríkti einhvern eftirvænting eins og eitthvað væri í vændum. Svona hefst einmitt önnur skáldsaga Einars Má, Vængjasláttur í þakrennum: „Slík er eftirvæntingin slík er spennan.“ Hann má ekki einu sinni vera að því að setja kommu á milli setninganna.

Því að það var Einar Már sem tók upp þráðinn frá Pétri og spannt hann áfram. Andri Péturs Gunnarssonar hélt áfram að eldast og einhvern veginn þrengjast

eftir Guðberg og sá blokkirnar í úthverfinu hjúpaðar þoku og gráma og hugsaði með mér: Þessu langar mig að lýsa.“

Bókmenntalegum fagurkerum þótti efnið en þó einkum sögu-sviðið hins vegar ósegjanlega lítilsigt og var algengt að heyra háðsglósur um „bernskuminningar ungra skálda úr Vogunum“ á þessum árum, eins og þetta væri alrangt söguvið, saga sem ekki væri þess verð að segja.

Pétur Gunn og Guðbergur, Megas, Dylan, Lennon, Günter

Hann skrifaði trílógíuna úr Vogunum, um landnám og auðn, æskuleiki og dauða, upphaf og endalok og eftirmálann sem kannski var skáldlegasta bókin hans. Seinna skrifaði hann aðrar og eiginlega ennþá áhrifameiri bækur um fátækt fólk á Íslandi á fyrri hluta síðustu aldar og ömurlegar aðstæður þess – sitt fólk. Í skurðpunktinum þarna á milli og kannski í skurðpunktinum á höfundarferli Einars Má er svo þessi vængjaða skáldsaga, Englar alheimsins, þar sem hann safnar saman öllum sínum kröftum, allri sinni þekkingu og innlifun, innsæi, orðkynngi – öllu sínu ljóði – til að lýsa lífi í geðveiki.

Í Hruninu er svo Einar Már allt í einu mættur á hverjum laugardegi hjá honum Herði Torfa (nei, Hörður Torfa var ekki starfsmaður Álfheiðar Inga eða Steingríms J. eða VG heldur einfari og jú víst: það var Hörður sem skipulagði útfundina á Austurvelli í Búsáhaldaþyngingunni og á skilið að það sé viðurkennt refjalaust). En þarna, í Hruninu, var Einar Már, gamli byltingarsinninn, sem sé mættur, alltaf, og þegar hann var ekki sjálfur að halda innblásnar og andrífur ræður gegn auðvaldinu þá var hann við ræðupallinn að stappa stálinu í þau sem áttu að fara að tala og klappa hinu á bakið sem voru nýbúin. Hann var þarna af alefli – gaf allt sitt; kom kannski ekki með potta og pönnur á Austurvöll til að láta glymja á heldur heldur með ljóðið, vængjuðu orðin og lét þau fljúga inn í hugskot þeirra sem hlustuðu til að setjast þar á heilann ...

En Einar! Til hamingju með litla Nóbélinn.



Allt í einu mátti segja fimmaurabrandara í skáldskap og lýsa kelerí og poppkornsáti án þess að hnussa ...

eftir því sem leið á bækur hans og þá kom Einar Már með þessa söguvitund barns og spekinga – þessa sérstæðu rödd sem var alltaf að ávarpa og kalla á þennan Óla – og fór að skrifa um það hvernig var að alast upp í Reykjavík á 6. áratug síðustu aldar, í Vogunum, sem var regin-úthverfið, sjálfur borgarjadarinn í austri, spriklandi af ungu lífi. Var ekki soldið bítl í því í sjálfu sér? Voru ekki Vogarnir einmitt Liverpool Íslands frekar en Keflavík, þessi ameríski smábær?

Frá Guðbergi Bergssyni fékk Einar Már tilfinningu fyrir formi og stíl, því hvernig ófegr að mannlífið getur opinberast sem skáldskapur. Hann segir frá því í Bankastræti núll, seinustu bókinni sinni hvernig hann „... sat kannski í strætó með bók

Grass, Brautigan – alls konar kallar hafa eflaust ómað í þessum haus með vængi á heilanum en frá fyrstu tíð var þetta hans rödd, há, svolítið hvell, full af vissu um erindi sitt, full af frásagnarlöngun, ritgleði og eftirvæntingu. Hann lýsti barnskaranum, húsmæðrunum, atvinnustarfseminni, prestinum, dúfunum, rigningunni og hálfbyggðum blokkunum – mannlífinu, anda hverfisins: þetta var hans Macondo og hann lét sér úrtöluraddir í létta rúmi liggja. Það hefur Einar Már alltaf gert. Hann hefur ídulega fengið fremur dræmar viðtökur frá Bókmenntastofnuninni hér á landi, hefur til dæmis aldrei verið á áskrifendalistanum þegar tilnefningar til Bókmenntaverðlaunanna eru annars vegar en notið velgengni í nágrannalöndunum.

AF NETINU

Lögreglustjórinn í rugli

Löggan hefur einkennilega forgangsroðun. Neitar að kanna strax stórkostlega grófar hótanir um líkamsmeiðingar. Segir fólk að hafa bara samband eftir helgi. Stefán Eiríksson lögreglustjóri svarar út og suður og neitar að tjá sig um efnisatriði málsins. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð lögreglunnar eins og svo oft áður. Hún er eins og útspýtt hundskinn við að verja hagsmuni þeirra, sem reyna að ná eignum af almenníngi. Getur svo ekki mætt, þegar almenningur þarf vernd fyrir geðsjúklingi. Forgangsroðun Stefáns er langt út af kortinu.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Skítamóral

Hvers vegna segir bæjarstjóri Sel-tjarnarness ekki af sér eftir að hafa orðið uppvís að einelti gagnvart starfsmanni? Hvers konar samfélag er þarna á Nesinu – er enginn þrýstingur á meirihlutann að bæta ráð sitt eða taka pokann sinn?

blog.eyjan.is/joninaos/

Jónína Óskarsdóttir

Spyrillinn á að ráða för

Umsnúningur hefur orðið í framleiðslu á Gettu betur-þáttunum hjá Ríkissjónvarpinu. Þar sem spyrjandinn réði öllu áður eru dómáram nú farnir að grípa fram í ótt og títt og hefta framvinduna. Spyrillinn í Gettu betur á að ráða för – ekki dómáram í skartklæðum sem stöðugt grípa fram í. Áhorfendum er alveg sama um álit dómara – á hinu og þessu ...!

eirikurjonsson.is

Eiríkur Jónsson

GRÆDDU Á GULLI

CenterHotel Klöpp, Klapparstíg 26

AFTUR Á ÍSLANDI VEGNA MIKILS ÁHUGA!
UPPRUNALEGA GULL OG SILFUR KAUPSTEFNAN.



Boðið verður upp á verðmat á skartgripum. Engin skuldbinding til að selja.

AÐEINS ÞESSA ÞRÍJA DAGA:

Þriðjudaginn 20. mars, miðvikudaginn 21. mars
og fimmtudaginn 22. mars frá kl. 11 til 18.

Falinn fjársjóður?

Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsanlega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynist fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrínnum enda safnana á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgripa. Matíð er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?

Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:

- Gömlu gulli: skartgripum, sígarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.

